



Comeniusarfréttir 2009 Fara - Nema - Njóta

Á næstunni

Umsóknarfréttir nálgast óðfluga. Endurmenntun/job shadowing: **15. janúar** nk. Fyrir námskeið eftir 1. maí Aðstoðarkennsla (skólar og verðandi kennarar): **31. janúar** Skólaverkefni og nemendaskiptaverkefni: **19. febrúar** Rafræn umsóknareyðublö verða á Comenius.is

Kynning á Háskólatorgi

Þann **14. janúar** verður Evrópu-samvinnukynning á Háskólatorgi frá 14-18. Í Evrópusamvinnu eru allar áætlanir á vegum ESB hér á landi sjá Evropusamvinna.is. Facebook aðdáendur geta nú orðið aðdáendur Evrópusamvinnu.

Framúrskarandi þátttaka

Íslenskir skólar hafa tekið virkan þátt í Comeniusar skólaverkefnum frá upphafi eða sl. 15 ár, Verkefni eru af margvíslegum toga og tengjast öllum námsgreinum, t.d. landafræði, náttúrufræði, vísindum, tungumálum, heilsufræði, leiklist, myndmennt. Landskrifstofan gaf út bækling á árinu með sýnishornum af þeim fjölbreyttu verkefnum sem hafa verið unnin mörg hver hafa verið nýtt í skólastarfið. Hægt er að nálgast bækling hjá teva@hi.is.

Tölulegar upplýsingar 2007-9

Meðfylgjandi töflur sýna þátttöku mismunandi skólastiga og landfræðilega dreifingu skólaverkefna.

Úthlutun styrkja 2009

Til ráðstöfunar árið 2009 voru 653.000€ og skiptust þær þannig:

Skólaverkefni	399.458
Nemendaskipti	80.000
Aðstoðarkennsla	14.346
Undirbúningsheims.	33.754
Endurmenntun	130.900
Comenius Regio	20.000

Comenius skólaþáttur menntaáætlunar ESB hefur fest sig í sessi í íslensku skólasamfélagi á undanförunum 15 árum á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Comenius er vettvangur fyrir evrópskt skólasamstarf, þar sem skólaumhverfið, er stækkað og skólafólk deilir reynslu og starfsháttum með félögum í Evrópu.

Samstarfsverkefni

Árið 2009 var hægt að styrkja 24 samstarfsverkefni og 4 nemendaskiptaverkefni. Fjöldi umsókna var 32 sem er svipað og árið áður. Flestir sækja um 12 ferða verkefni til tveggja ára. Umsækjendur í nemendaskiptaverkefni sóttu um ferðir fyrir 24 en þar af eru 20 nemendur. Mat umsókna fer fram í heimalandi verkefnisstjóra og lá mat fyrir í lok júní. Aðeins fjórar umsóknir reyndust vera með íslenskum stjórnendum. Af umsækjendum reyndust skólar sem ekki höfðu tekið þátt áður einungis um 30%, reynslan sýnir að skólar sækja aftur og aftur í Comeniusar skólasamstarf. Hægt og bitandi hafa leikskólar sótt í sig veðrið og í ár voru 20% styrktra verkefna á vegum leikskóla. Lista yfir styrkt verkefni má sjá á **Comenius.is** — þar er einnig að finna heimasíður verkefna gömlum sem ný.

Endurmenntun kennara

Á leik- grunn- og framhaldsskólastigi fengu 81 kennari styrki til að sækja endurmenntunarnámskeið vítt og breitt um Evrópu á liðnu ári. Námskeið í Bretlandi eru enn sem fyrr efst á óskalistanum en t.d. átti breytingastjórnunarnámskeið í Tékklandi vinsældum að fagna á meðal skólastjórnanda.

Aðstoðarkennsla

Aðstoðarkennsla er lærdómsríkur og skemmtilegur vettvangur fyrir verðandi kennara. Þeir geta sótt um styrki til að starfa við skóla í Evrópu í 3-8 mánuði. Þrír verðandi kennarar fengu styrki í ár, 2 fóru til Spánar og 1 til Þýskalands. Þrettán íslenskir skólar sóttu um að fá evrópskan aðstoðarkennara til starfa hér á landi. Þetta skólaárið komu sjö aðstoðarkennarar víðs vegar að úr Evrópu til starfa við grunn- og framhaldsskóla, oftast kenna þeir sitt móðurmál. Það eru fin meðmæli fyrir aðstoðarkennsluna að þeir skólar sem tekið hafa þátt, sækja nær undantekningarlaust aftur um að fá evrópskan aðstoðarkennara til starfa.

Comenius regio

Menntasvið Reykjavíkurborgar og nokkrir skólar í Reykjavík fóru í samstarf með sambærilegri stofnun og skólum á Spáni. Verkefnið SPICE (Students, Parents, Interculture, Community and Education). Markmið verkefnis er að bæta stefnu og starfshætti verðandi aðlögun nýbúa/innflytjenda í skólasamfélagið.



Leikskólinn Njálsgötu, Sameinaðir sem einn strengur



Besta ljósmyndin og slagorð

Vikuna 5-9 maí 2009 stóð Comeniusarvika yfir í Evrópu. Markmið vikunnar er að koma á framfæri þeim jákvæðu áhrifum sem evrópskt skólasamstarf hefur á þátttakendum í Evrópu. Af því tilefni stóð Landskrifstofa menntaáætlunarinnar fyrir ljósmynda- og slagorðsamkeppni þátttökuskóla hér á landi og er hægt að skoða þær fjölmörgu bráðskemmtilegu tillögur sem bárust á eftirfarandi slóð:

<http://www.ask.hi.is/page/ljosmyndasamkeppni>

Vinningshafi ljósmyndarinnar *sameinaðir sem einn strengur* var Leikskólinn Njálsgötu en Menntaskólinn á Akureyri varð hlutskarpastur með slagorðið, *Fara - Nema - Njóta* sem dómnefnd fannst lýsa vel markmiðum Comeniusarsamstarfs. Myndirnar og slagorðin sýna vel fjölbreytileikann og gleðina sem felast í verkefnum.

Gleðileg jól



Education and culture

Útgáfan er styrkt af Framkvæmda-stjórn Evrópusambandsins. Ritid endurspeglar eingöngu afstöðu höfunda þess og Framkvæmda-stjórnin ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr því eru nýttar.